

Nd.

155. Nefndarátt

um frumvarp til laga um breyting á lögum um vegi.

Nefndin er á einu máli um það, að eigi beri að raska að neinu leyti frumreglu þeirri, sem fylgt er í gildandi vegalögum um viðhald flutningabrauta, en telur sanngirni mæla með því, að viðhaldsskylda landssjóðs á flutningabrautinni frá Reykjavík austur í Árnessýslu, sem eftir 8. gr. vegalaganua nær að eins til kaflans að Reykjarétt í Ölfusi, sé látinn ná alla leið að vegamótum Grimsnesbrautar við Ingólfsfjall, er munar hér um bil 12 röstum. Í sambandi við þetta leggur nefndin það til, að Rangárvallasýsla sé losuð við að kosta nokkru til viðhalds flutningabrautarinnar milli brúnna á Þjórsá og Ölfusá, en að sá kostnaður komi algerlega niður á Árnessýslu.

Enn fremur er nefndin í aðalatriðum samþykk ákvæðum gildandi

vegalaga um afhending flutningabrauta í hendur sýslunefndum til viðhalds, en álitur hagkvæmt, að í hvert sinn, sem slík afhending fer fram, séu brautirnar skoðaðar af tilkvöddum mönnum, og að þær skoðunargerðir séu síðan lagðar til grundvallar, þegar dæmt er um, hvernig viðhaldinu skuli haga. Nefndin getur því ekki aðhýlst 2. gr. frumvarpsins eins og hún liggur fyrir, en kemur með nýja grein í hennar stað, sem breyting á 10. gr. vegalaganna.

Með því að 3. og 11. gr. frumvarpsins miða að því, að gera hreppsnefndum hægra fyrir um innbeimtu hreppsvegagjalda og reikningsskil, getur nefndin fallist á efni þeirra, en þó með nokkrum breytingum, er meðal annars eiga að vera til tryggingar því, að vegagjaldið komi réttlátlega niður og verði að tilætluðum notum.

Að því leyti sem 5. gr. frumvarpsins fer fram á, að nema úr gildi 55. gr. vegalaganna, er kveður svo á, að verzlunarstaðir, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, geti losast við að greiða sýslusjóðsgjald efiir verkfærra tölu, hlýtur nefndin að viðurkenna, að slík undanþága sé óeðlileg, og að afnám hennar hafi við gild rök að styðjast.

Samkvæmt framanskráðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna: »um Ölfus« o. s. frv. til enda greinarinnar komi: austur um Ölfus að vegamótum Grimsnesbrautarinnar við Ingólfsfjall.

Viðhaldsskylda Rangárvallasýslu á flutningabrautinni milli Þjórsárbrúar og Ölfusárbrúar, að einum þriðja, sbr. 8. gr. vegalaganna, stafl. d., skal falla burt.

2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

Þá er flutningabraut er fullgerð eða nokkur hluti hennar, skal stjórnarráðið afhenda hana, eða þann hluta hennar, sem er fullgerður, hlutaðeigandi sýslu eða sýslum til viðhalds. Þó má afhending aldrei fara fram fyrri en tveim árum efiir að lokið var að leggja þann kafla, sem afhentur er, enda hafi verið bættar á landssjóðs kostnað allar þær skemdir; sem á hafa orðið þessi tvö fyrstu ár, og eigi eru að kenna umferð eða eðlilegri rýrnun. Skulu bæturnar, að svo miklu leyti sem unt er, vera svo fullkomnar, að eigi sé hætt við samskonar skemdu aftur.

Áður en afhending fer fram, skal framkvæma skoðunargerð á brautinni eða brautarkaflanum, og tilnefnir stjórnarráðið annan skoðunarmanninn, en sýslunefnd þeirrar sýslu, sem vegurinn liggur í, tilnefnir hinn. Skulu þeir semja nákvæma lýsingu á veginum og senda stjórnarráðinu, og úrskurðar stjórnarráðið síðan, hvort vegurinn eða vegarkaflinn sé fullger, eða skemdir bættar, svo sem hér er fyrir mælt.

3. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:

Hreppsvegagjald er 1 kr. 25 a. fyrir hvern verkfæran karl-

mann í breppnum 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Heimilt er hreppsnefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að hreppsvegagjald skuli hærra vera, allt að 3 kr. fyrir hvern verkfæran mann.

Nafnaskrár yfir verkfæra karlmenn, sem um er rætt í 20. gr. vegalaganna, skulu samdar í októbermánuði ár hvert, og sendar sýslumanni fyrir árslok. Samrit af skránni skal hreppstjóri láta hreppsnefndaroddvita í té fyrir 20. október.

4. Á eftir 3. gr. komi ný grein svolátandi:

Hver sá maður, sem talinn er í verkfæraskrá, skal greiða sýsluvegagjald og hreppsvegagjald í sveitarsjóð. Húsráðandi hver innir gjöldin af hendi fyrir heimilismenn sína, þar á meðal lausamenn, er teljast þar til heimilis. Eindagi gjaldanua er 31. desember ár hvert.

5. Við 4. gr. Fyrsta málsgrein orðist svo:

Kostnaður við hreppsvegi greiðist úr sveitarsjóði. Til vegagerða á hreppsvegum má ekki verja minna fé úr sveitarsjóði en nemur hinu lögskipaða hreppsvegagjaldi.

6. Við 4. gr. Í stað orðanna »hreppsvegagjaldið hrökkvi« komi: hreppsvegagjaldið með hækkun þeirri, sem heimiluð er í 3. gr., hrökkvi.

7. Við 4. gr. Í stað orðauna »allra gjaldenda hreppsnefndar« komi: gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrétt hafa til hreppsnefndar og fund sækja.

8. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:

Með lögum þessum er úr gildi numin 10. gr., 24. gr., 26. gr., fyrri liður 27. gr., 54. og 55. gr. laga 22. nóv. 1907 um vegi, og önnur þau fyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Alþingi 9. marz 1911.

H. Hafstein,
form.

Ólafur Briem,
skrifari og framsögumaður.

Björn Þorláksson. Einar Jónsson. Sigurður Sigurðsson.